

Ed.

198. Frumvarp til laga

[156. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Helgi Bergs, Einar Ágústsson.

1. gr.

Staflíður A í 15. gr. laganna orðist svo:

A. Alla fastafjármuni skal fyrna miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Reikna skal fyrningu þannig, að samanlagðar fyrningar á hverjum tíma nemi hundraðshluta af endurkaupsverði, sem svarar til þess hluta, sem liðinn er af fyrningartímanum.

Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu og viðhald, skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og skal hann einnig árlega gefa út reglur um það, hvernig endurkaupsverð eigna telst hafa breytzt frá ári til árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er tilgangur fyrninga, að með þeim myndist sjóður, sem nægi til að endurnýja hina fyrntu eign, þegar hún er úr sér gengin. Hér á landi hafa þær reglur gilt, að hámark samanlagðra fyrninga sé upprunalegt kostnaðarverð. Vegna gengisfellinga og verðbólgu nægja svo þeir fyrningasjóðir, sem þannig myndast, ekki til endurnýjunar hinna fyrntu eigna. Þegar til á að taka kemur í ljós, að bókhaldið hefur verið rangt. Reksturinn getur ekki endurnýjað fastafjármuni sína án þess að auka skuldirnar. Augljóst er, að þetta getur ekki gengið til frambúðar.

Fyrir nokkrum árum var gerð tilraun til að ráða bót á þessu. Heimilað var að endurmeta eignir, sem keyptar voru fyrir 1962, til nýs verðlags og nota það sem afskriftastofn. Þetta var auðvitað til mikilla bóta, en aðeins í bili, því að fljótt sótti í sama horf. Á þessu ári var svo heimilað að hækka afskriftaverð bygginga um 20% og lausafjár um 40%, en eftir að gengislækkanir undanfarinna ára hafa stýft helming af krónunni, kemur þetta auðvitað að litlu haldi.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að ekki sé nóg að breyta mati einu sinni eða öðru hverju, heldur þurfi að haga fyrningum frá ári til árs í samræmi við breytingar á endurkaupsverði eignanna.

Því er lagt til með frv. þessu, að heimilaðar séu þær fyrningarreglur, að fyrningarsjóðir nægi raunverulega til að endurnýja hina fyrntu eign. Gert er ráð fyrir, að fjármálaráðherra gefi árlega út reglur, eins konar vísitölur, um það, hvernig endurkaupsverð ýmissa tegunda fastafjármuna telst hafa breytzt, og fyrning hvers árs nemi svo þeim hundraðshluta af endurkaupsverðinu, sem svarar til endingartíma eignarinnar, að viðbættri eða frádraginni þeirri upphæð, sem þarf til að færa fyrningar fyrri ára til samræmis við hið nýja endurkaupsverð.

Aðrar breytingar felur þetta frv. ekki í sér.